

Allsherjarnefnd  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

25. febrúar 2008

**Efni: Umsögn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um þingsályktunartillögu um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku, 340. mál**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. febrúar 2008, þar sem tillaga til þingsályktunar um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku, 340. mál, var send Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til umsagnar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er sammála því markmiði tillögunnar að ræður og ávörp, sem forseti Íslands og ráðherrar flytja á erlendri tungu, liggi fyrir á íslensku samtímis eða svo skjótt sem auðið er og hvetur til þess að hún nái fram að ganga.

Gera má þá athugasemd við greinargerð með tillögunni að þegar þar er rætt um hugsanlegan útgjaldauka vegna þýðinga er vísað til „íslenskunarstarfs“. Þegar haft er í huga að íslenska er opinbert mál ríkisins og ráðherrar og forseti hafa fram að þessu ávallt átt íslensku að móðurmáli má spyrja hvort ekki ætti fremur að reikna með ræðum og ávörpum frumsömdum á íslensku en þýddum yfir á erlend mál af þar til bærum sérfræðingum.

Virðingarfyllst



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Vésteinn Ólason